

HÚSÖNDIN

90.tbl. 2.árg.
4.des. 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 5.-11. DESEMBER

- 5.12 Petr Vican
- 6.12 Kristín Þ. Sverrisdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir
- 7.12 Jóhanna Harpa Sigurðardóttir
- 9.12 Lárus Björnsson, Atli Sigurðarson

Aðventustund sunnudaginn 8. desember 2019 kl. 20:00 í Reykjahlíðarkirkju

Aðventustund verður haldin í Reykjahlíðarkirkju sunnudaginn 8. desember 2019 kl. 20:00.

Kveikt verður á aðventukertum, almennur söngur, tónlistaratriði, lesin jólasaga, aðventuhugleiðing verður flutt og Jaan Alavere stjórnar sameiginlegum kór sem syngur nokkur jólalög.

Kaffi og léttar veitingar í boði kórfélaga að aðventustundinni lokinni.

Við vonumst til að Mývetningar fjölmenni og njóti þessarar stundar með okkur.

Gleðilega aðventu,
Kirkjukórarnir



Jólagleði í miðbænum

Fimmtudaginn 5. desember verður sannkölluð jólagleði
í miðbæ Reykjahlíðar.

Á milli kl. 17 – 19 bjóða: Umhverfisstofnun, Kjörbúðin,
Dyngjan, Björgunarsveitin Stefán og Slysavarnardeildin
Hringur gestum og gangandi að koma
og njóta jólaandans með sér.

Að venju býður Umhverfisstofnun upp á heitt súkkulaði,
smákökur og fleira góðgæti.

Búðin verður með 20% afslátt af öllum leikföngum
og Maku eldhúsvörum.

Einnig verður leikur í gangi, en allir sem versla mat og/eða sérvöru
fyrir 6000 kr eða meira þennan dag, fara í pott og eiga þess kost
á að vinna sér inn gómsætan vinning
sem dreginn verður út daginn eftir.

Í Dyngjunni verður hlýtt og notalegt eins og venjulega
og þar má finna margar fallegar og nytsamlegar jólagjafir.

Björgunarsveitin Stefán verður á bílplaninu með
kertin frá Stóruvöllum til sölu
og Slysavarnarskvísurar bjóða upp á endurskynsmerki- og vesti.

Við hvetjum alla til að byrja á að hlýða á tónleika tónlistarskólans
sem verða í skólanumkl. 16 og koma svo beint til okkar
og rölta á milli staða, njóta og gleðjast saman.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Nýsköpun í norðri

Umræðufundur í Ýdölum, Stórutjarnaskóla og Skjólbrekku



Framundan eru umræðufundir um tækifæri og ógnanir Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Fundirnir eru hluti af verkefninu Nýsköpun í norðri, sem hefur að markmiði að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og stuðla að því að það sé í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar.

Fundirnir verða haldnir sem hér segir:

Stórutjarnaskóli: 9. desember kl. 17

Ýdalir: 9. desember kl. 20

Skjólbrekka: 10. desember kl. 17

Allir íbúar sveitarfélaganna eru hvattir til að mæta á fundina, þar sem m.a. verður tekið við framboðum í rýnihópa Nýsköpunar í norðri!

Frekari upplýsingar veita

Sveinn Margeirsson, s: 680 6666 / sveinn.margeirsson@gmail.com

Arnór Benónýsson, s: 661 6292: / arnor@pingeyjarsveit.is

Helgi Héðinsson, s: 663 1410 / hhedins@hi.is

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga auglýsir!

Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985 fæst nú á 2.000kr og útgáfan 2005 á 4.000kr. Báðir árgangar saman fást á 5.000kr. Áhugasamir geta haft samband í síma 843-9140 eða netfangið

bunadarsambandstthing@gmail.com

Tilvalin jólagjöf fyrir alla landsbyggðarunnendur.

Einnig auglýsir BSSP eftir bókara frá 1.júlí 2020.

Áhugasamir geta haft samband í síma 893-6033 eða netfangið

bunadarsambandstthing@gmail.com

Tilvalið fyrir talnaglögga sem vantar aukatekjur.

Kveðja, stjórn BSSP

Aðventutónleikar Sálubótar



Porgeirskirkju þriðjudaginn 10. desember kl. 20:00

Stjórnandi : Jaan Alavere

Einsöngur : Marge Alavere, Jaan Alavere og Jónas Reynir Helgason

Undirleikur : Jaan Alavere, Pétur Ingólfsson og Þórgnýr Valþórsson

Sérstakur gestur : Ásdís Arnardóttir sellóleikari

Miðaverð 3000 kr. Frítt fyrir 14 ára og yngri

Að tónleikum loknum er boðið upp á smákökur og hressingu.

